



10. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

1. nóvember 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Hákon Leifsson (HL) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS)

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð var samþykkt samhljóða.

2. Uppgjör 9 mánuðir

HS sýnir uppgjör fyrstu 9 mánuði ársins. Hagnaður er af rekstrinum áður en tekið er tillit til afskrifta og er hagnaður félagsins yfir tímabilið um 7 milljónum kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur félagsins eru um 13 milljónum kr. hærri en rekstrarkosnaður 6,5 milljónum kr. hærri en áætlað var. Skiptir mestu um aukna salarleigu en hún er um 3,7 milljón kr. yfir áætlun, leigu félagshesthúss, sem er 1,5 milljón kr. yfir áætlun og sölu reiðhallarlykla sem eru 1,1 milljón kr. yfir áætlun.

3. Þorablótsnefnd

HS gerir tillögu um að Sigurbjörn Magnússon verði skipaður formaður þorablótsnefndar og fái fólk með sér í nefndina. Fyrirhugað er að halda Þorablót Fáks þann 17. janúar næstkomandi í félagsheimilinu. Samþykkt samhljóða.

4. Kerrusvæði - Árgjald og framkvæmdir

Lögð er fram tillaga um að halda árgjaldi óbreyttu 2026. Samþykkt samhljóða. Greiðsluseðlar verða sendir í lok vikunnar. Þá þarf að laga holur sem hafa myndast á svæðinu eftir þungaumferð sumarsins. Haft verður samband við Veitur hvort þeir geti komið að því verki þar sem þeir hafa verið með þungaflutninga á svæðinu.

Lögð er fram tillaga um að færa hlið nokkra metra til norðurs svo SVFR og fleiri aðilar hafi óheft aðgengi að veiðistöðum við Breiðholtsbrú. Samþykkt samhljóða. Verkið verður unnið í vor þegar frost er farið úr jörðu. Samþykkt samhljóða.

5. Fatamál

Nokkrir framleiðendur á hestafatnaði hafa haft samband og vilja hefja samstarf um sölu á keppnisfatnaði fyrir félagsmenn. ÍV, HL og SEB er falið að heyra í þessum aðilum og skoða hvað þeir hafa upp á að bjóða.

6. Félagshesthús

Umræður um starfið í húsinu í vetur.

7. Styrkur til æskulýðsstarfs frá Auðsholtshjáleigu

Á Uppskeruhátíð Fáks steig í pontu Gunnar Arnarson og upplýsti hann um það að hann og kona hans Kristbjörg Eyvindsdóttir ætluðu að styrkja æskulýðsstarf Fáks um 400.000 krónur á næsta ári. Fákur þakkar þeim kærlega fyrir þeirra framlag.

VFS falið að kynna þetta fyrir stjórn Æskulýðsdeildar og að finna verkefni sem hæfa styrknum.

8. Lýsing á svæði

EG hefur verið í sambandi við Reykjavíkurborg varðandi lýsingu við gerði í Faxabóli og á reiðstíg við reiðhöllina. Borgin hefur samþykkt að fara í þessa bættu lýsingu og verður þetta unnið í haust.

9. Félagsheimili - Kaupa skúringavél

EG óskar eftir heimild til að kaupa skúringarvél fyrir félagsheimilið. Verðhugmyndir eru kynntar stjórn. Framkvæmdastjóra er veitt heimild til að kaupa vél.

10. Önnur mál

- a. Vefsíða félagsins liggur niðri vegna öryggisbrests. Unnið er að lagfæringu.
- b. Reykjavíkurmestaramót.
- c. Stigagjöf varðandi áhugamannaflokk vegna Uppskeruhátíðar.
- d. Almennadalur
- e. Forgangsröðun íþróttamannvirkja

Fleira var ekki rætt.

Fundi var slitið 18:50.